



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LÆKNADEILD



SJÚKRAPJÁLFUN



Sjúkraþjálfun

Hefur þú áhuga á fjölbreyttu og gefandi starfi þar sem unnið er að heilsueflingu, forvörnum, endurhæfingu og þjálfun á hreyfingu og færni?

Þá er nám í sjúkraþjálfun góður kostur fyrir þig.

Nám í sjúkraþjálfun

Hvernig er nám í sjúkraþjálfun uppbyggt?

Réttindi til að starfa sem sjúkraþjálfarar geta þeir fengið sem lokið hafa 5 ára námi í sjúkraþjálfun. Námið skiptist í 3ja ára BS nám í sjúkraþjálfunarfræðum og 2ja ára MS nám í sjúkraþjálfun. Námsbraut í sjúkraþjálfun skipuleggur námið en námsbrautin er hluti af Læknadeild og innan Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands (sjá, www.physio.hi.is).

BS nám í sjúkraþjálfunarfræðum

BS nám í sjúkraþjálfunarfræðum er þriggja ára fræðilegt og verklegt grunnnám til 180 eininga. Lögð er áhersla á fagmennsku, vísindaleg vinnubrögð og viðtæka þekkingu á sviði hreyfivísinda, forvarna og heilsueflingar. Fræðilegur grunnur námsleiðarinnar byggir einkum á kenningum um hreyfistjórn og hugmyndafræði Aþjöldlegs flokkunarkerfis um færni, fötlun og heilsu (ICF). BS próf í sjúkraþjálfunarfræðum veitir nemendum trausta menntun og nauðsynlegan grunn fyrir MS nám í sjúkraþjálfun. Auk þess opnar BS prófið leiðir til ýmskonar framhaldsnáms og fjölbreyttra starfa.



MS nám í sjúkraþjálfun

MS nám í sjúkraþjálfun er fræðilegt og klínískt tveggja ára nám til 120 eininga. Annars vegar byggist það á klínískum námsgreinum og námi á ýmsum heilbrigðisstofnunum og sjúkraþjálfunarstofum. Þar fá nemendur þjálfun í klínískri rökhugsun og ákvarðanatöku, gagnreyndum vinnubrögðum, ásamt greiningu og meðferð innan fjölbreyttra sviða sjúkraþjálfunar. Hins vegar er lögð áhersla á rannsóknir tengdar sjúkraþjálfun. Við útskrift hafa sjúkraþjálfarar viðtæka þekkingu, leikni og hæfni á sviði sjúkraþjálfunar og geta sótt um starfsleyfi. Námið uppfyllir grunnkröfur fyrir doktorsnám.

Hvernig kemst ég í námið?

Fjöldi nemenda er takmarkaður. Á hverju ári eru 35 nemendur teknir inn á 1. ár í BS námið. Inntökupróf fer fram í byrjun sumars ár hvert og er það sameiginlegt með læknisfræði. Sækja þarf um grunnnám í sjúkraþjálfunarfræðum til að vera skráður í inntökuprófið. Það er gert rafrænt á heimasíðu HÍ. Skráningarfrestur er til 20. maí og þá rennur einnig út frestur til að skila staðfestingu á stúdentsprófi eða að stúdentsprófi sé lokið.


Að jafnaði eru aðeins teknir inn 30 nemendur í MS nám í sjúkraþjálfun sem lokið hafa 180 eininga BS prófi í sjúkraþjálfunarfræðum með skilgreindri lágmarkseinkunn. Tekið verður inn í MS námið í fyrsta skipti haustið 2017.

Félag nema í sjúkraþjálfun (VIRTUS)

Við Námsbraut í sjúkraþjálfun er starfandi nemendafélag (VIRTUS) sem gætir hagsmuna nemenda og hefur forgöngu um félagslíf þeirra (sjá, www.fnis.hi.is).

Möguleikar á framhaldsnámi

Fjölbreytt framhaldsnám er í boði bæði á Íslandi og erlendis. Námsbraut í sjúkráþjálfun stendur fyrir rannsóknatengdu meistara- og doktorsnámi í samvinnu við Læknadeild. Einnig er námsbrautin í samvinnu um framhaldsnám við önnur fræðasvið HÍ og aðra háskóla (sjá, www.physio.hi.is).



Ætluð skipting eininga í BS námi í sjúkráþjálfunarfræðum og MS námi í sjúkráþjálfun.

Starf sjúkráþjálfara

Við hvað starfa sjúkráþjálfarar?

Starf sjúkráþjálfara er mjög fjölbreytt og miðar að því að bæta hreyfigetu, færni og heilsu fólks á öllum aldri. Sjúkráþjálfarar greina orsakir hreyfitruflana og færniskerðinga og veita meðferð sem byggir á greiningunni. Auk þess fást þeir við að fyrirbyggja eða draga úr afleiðingum áverka, álagseinkenna, sjúkdóma, öldrunar og lífsstíls. Ráðgjöf og fræðsla er hluti af starfi sjúkráþjálfara. Algengt er að sjúkráþjálfarar sérhæfi sig á afmörkuðum sviðum og þar er úr mörgu að velja.

Hvar starfa sjúkráþjálfarar?

- Á endurhæfingarstofnunum
- Á einkareknum sjúkráþjálfunarstofum
- Á sjúkrahúsum
- Á öldrunarstofnunum
- Á líkamsræktarstöðvum
- Hjá íþróttafélögum
- Við vinnuvernd
- Við kennslu og rannsóknir t.d. innan háskóla
- Við ýmiskonar ráðgjöf t.d. á sviði forvarna og heilsuefningar





HÁSKÓLI ÍSLANDS
LÆKNAEILD

Námsbraut í sjúkráþjálfun · Stapa v/Hringbraut · 101 Reykjavík · sími: 525 4004 · physiotherapy@hi.is

physio.hi.is